



Iðnaðarráðuneyti  
Arnarhvoli  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. september 2007  
Tilvísun: 2007090008  
Bréfalykill: 10.1

**Efni: Umsögn Orkustofnunar um kæru Jónasar Wilhelmssonar vegna niðurgreiðslna húshitunar.**

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarráðuneytisins, dags. 4. september 2007, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um kæru Jónasar Wilhelmssonar, dags. 21. ágúst s.á. Kærð er sú ákvörðun Orkustofnunar að taka kæranda af niðurgreiðslum vegna húshitunar með rafmagni, skv. lögum nr. 78/2002, þar sem skilyrði skv. 4. gr. laganna eru ekki lengur fyrir hendi.

Kærandi byggir á því að hann hafi nýlega eignast fasteignina nr. 7 við Fossgötu á Eskifirði. Allir rafmagnsöfnar í húsinu hafi verið endurnýjaðir u.þ.b. 1,5 árum áður en heita vatnið fannst, eða fyrir 3 árum. Settar hafi verið upp sérstakar hitastýringar og að kostnaður við það hafi "að sögn fyrri eiganda" verið allverulegur. Ekki liggja fyrir upplýsingar um að kærandi hafi borið kostnað af breytingunum.

Samkvæmt hjálögðum útreikningum Orkustofnunar er kostnaður kæranda af niðurgreiddri húshitun með raforku verulega hærri en af húshitun með hitaveitu. Orkustofnun telur því ekki vera lagaskilyrði fyrir því að fallast á kröfu kæranda, en vísar engu að síður í ákvörðun iðnaðarráðuneytis frá 5. desember 2006 vegna ábúenda að Skriðulandi og Hvammi.

Virðingarfyllt

Elín Smáradóttir

*Fylgiskjöl:*

Samanburður á kostnaði við hitun með raforku og hitaveitu.